

Hitaveita Brautarholts

Ársreikningur 2021

Hitaveita Brautarholts
Ársnesi
801 Selfoss

Kt. 531289-2509

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Hitaveita Brautarholts er í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hitaveitan selur orku til íbúðarhúsa, fyrirtækja og stofnana í Brautarholti.

Rekstrartekjur hitaveitunnar námu 3,6 millj. kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 0,6 millj. kr. milli ára eða um 22%. Hagnaður veitunnar á árinu 2021 nam 0,9 millj. kr. (2020: tap 2,0 millj. kr.)

Eigið fé veitunnar í árslok var jákvætt um 13,1 millj. kr. (2020: jákvætt um 12,2 millj. kr. Stjórn veitunnar vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Engir starfsmenn störfuðum hjá veitunni á árinu.

Stjórn Hitaveitu Brautarholts hefur í dag rætt ársreikning veitunnar fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Árnesi, / 2022.

Í stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Hitaveitu Brautarholts.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Brautarholts fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu hitaveitunnar 31. desember 2021 og afkomu hitaveitunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi hitaveitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa hitaveituna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hefur engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits hitaveitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi hitaveitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert hitaveituna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, / 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Selt heitt vatn		3.612.470	2.970.067
		<u>3.612.470</u>	<u>2.970.067</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrarkostnaður.....	11	2.206.140	6.188.195
		<u>2.206.140</u>	<u>6.188.195</u>
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir		1.406.330	(3.218.128)
Afskriftir.....	7	(12.252)	(50.334)
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		1.394.078	(3.268.462)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		15.136	26.444
Vaxtagjöld.....		(34.383)	(40.293)
		<u>(19.247)</u>	<u>(13.849)</u>
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt.....		1.374.831	(3.282.311)
Tekjuskattur.....	8	(516.936)	1.234.149
Hagnaður (tap) ársins	10	<u><u>857.895</u></u>	<u><u>(2.048.162)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	7	51.481	63.733
Tekjuskattseign.....	8	1.510.609	2.027.545
Fastafjármunir samtals		<u>1.562.090</u>	<u>2.091.278</u>
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....		4.158.047	4.662.215
Viðskiptakröfur.....	9	247.828	871.200
Aðrar skammtímakröfur.....		55.729	944.563
Handbært fé.....	5	7.138.164	4.055.523
Veltufjármunir samtals		<u>11.599.768</u>	<u>10.533.501</u>
Eignir samtals		<u><u>13.161.858</u></u>	<u><u>12.624.779</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		13.096.564	12.238.669
Eigið fé samtals	10	<u>13.096.564</u>	<u>12.238.669</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		36.678	376.695
Aðrar skammtímaskuldir.....		28.616	9.415
Skammtímaskuldir samtals		<u>65.294</u>	<u>386.110</u>
Skuldir samtals		<u>65.294</u>	<u>386.110</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>13.161.858</u></u>	<u><u>12.624.779</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins.....	10	857.895	(2.048.162)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	7	12.252	50.334
Tekjuskattseign, breyting	8	516.936	(1.234.149)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>1.387.083</u>	<u>(3.231.977)</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun).....		1.512.206	(1.584.799)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....		(320.816)	79.881
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>1.191.390</u>	<u>(1.504.918)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>2.578.473</u>	<u>(4.736.895)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Viðskiptastaða við tengda aðila, breyting.....		504.168	975.833
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....		0	(341.826)
Tengigjöld á árinu.....		0	1.293.802
Fjárfestingarhreyfingar		<u>504.168</u>	<u>1.927.809</u>
Breyting á handbæru fé.....		3.082.641	(2.809.086)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>4.055.523</u>	<u>6.864.609</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>7.138.164</u>	<u>4.055.523</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaáðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaáðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármunar. Frá kostnaðarverði dragast álögð tengigjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Veitukerfi..... 25 ár

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign hitaveitunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnhagsreikningi.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall veitunnar er 37,6%.

Skýringar, frh.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Veitukerfi
Heildarverð 1.1.2020.....	6.315.694
Framkvæmdakostnaður á árinu.....	341.826
Tengigjöld á árinu.....	(1.293.802)
Heildarverð 31.1.2020.....	5.363.718
Heildarverð 31.12.2021.....	5.363.718
Afskrifað samtals 1.1.2020.....	5.249.651
Afskrifað á árinu.....	50.334
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	5.299.985
Afskrifað á árinu.....	12.252
Afskrifað samtals 31.12.2021.....	5.312.237
Bókfært verð 31.12.2020.....	63.733
Bókfært verð 31.12.2021.....	51.481
Afskriftahlutföll.....	4%

8. Skatteign

Skattseign greinist þannig:

	2021	2020
Skatteign í ársbyrjun.....	2.027.545	793.396
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning.....	(516.936)	1.234.149
Skatteign í árslok.....	1.510.609	2.027.545

Skatteign skiptist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	237.401	232.793
Viðskiptakröfur.....	612.105	612.105
Yfirfæranlegt skattalegt tap.....	655.034	1.182.647
Tekjuskattseign í árslok.....	1.504.541	2.027.545

9. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2021	2020
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	1.627.939	1.627.939
Niðurfærsla í árslok.....	1.627.939	1.627.939

10. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Samtals
Eigið fé 1.1.2020.....	14.286.831
Tap ársins.....	(2.048.162)
Eigið fé 1.1.2021.....	12.238.669
Hagnaður ársins.....	857.895
Eigið fé 31.12.2021.....	13.096.564

Skýringar, frh.

	2021	2020
11. Rekstrarkostnaður		
Rafmagn	804.646	590.182
Reikningsskil og endurskoðun	639.724	658.575
Afgjald	356.000	370.000
Vátryggingar	13.805	13.547
Viðhalds- og efniskostnaður	391.965	4.555.891
	<u>2.206.140</u>	<u>6.188.195</u>